Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar, formanns
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 10. nóvember 2026
Málsnúmer 2604117

**Efni: Málefni fólks með einhverfu**
Á fundi fjölskylduráðs þann 15. september sl. óskaði fjölskylduráð eftir því að lagt yrði fram minnisblað um stöðu fólks með einhverfu.

Ábyrgð á þjónustu við fólk með einhverfu skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga þar sem ríkið fer með stefnumótun, lagasetningu og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, en sveitarfélögin bera ábyrgð á nærþjónustu, félagslegum stuðningi og skólamálum. Velferðarsvið sveitarfélaga mæta fullorðnu einhverfu fólki með einstaklingsstuðningi, sértækri heimaþjónustu, búsetuúrræði fyrir þá sem þess þurfa og vinnu og virkniúrræðum.

Mikið vantar uppá aðgengi fullorðins fólks að einhverfugreiningu en einstaka sjálfstætt starfandi sálfræðistofur bjóða upp á slíkar greiningar og skimanir fyrir fullorðna. Landspítalinn sinnir eingöngu greiningu ef einstaklingur er þegar í virkri þjónustu eða meðferð inni á geðsviðinu vegna annarra flókinna geðrænna vandamála (svo sem alvarlegs kvíða, þunglyndis eða geðrofs) og ríkur grunur vaknar um undirliggjandi einhverfu.

Á síðustu árum hafa stjórnvöld lagt áherslu á að bæta samfellda þjónustu fyrir fullorðið einhverft fólk. Undir lok árs 2024 kynnti heilbrigðisráðuneytið ferligreiningu um geðheilbrigðisþjónustu fyrir einhverfa (18 ára og eldri) þar sem opinberlega var lagt til að koma Setrinu á fót. Haustið 2025 skilaði starfshópur um málefni fullorðinna einhverfra skýrslu þar sem mikilvægi þessarar miðstöðvar var ítrekaður til að mæta þörfum þeirra u.þ.b. 8.000 fullorðnu einhverfu einstaklinga sem búa á landinu. Alþingi hefur á árinu 2026 fjallað um þingsályktunartillögur um stofnun miðstöðvarinnar, og unnið er að samstarfi á milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og mennta- og barnamálaráðuneytisins til að fjármagna og útfæra verkefnið heildstætt. Setrinu er ætlað að mæta aukinni sérhæfingu meðal annars innan geðheilbrigðiskerfisins til að mæta fólki með einhverfu með réttum hætti og tryggja með því samfellda þjónustu.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Hafnarfjörður

**Fylgiskjöl:**

1. Málefni fullorðinna einhverfra, skýrsla starfshóps september 2025 https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit-skyrslur-og-skrar/Skyrsla_starfshops_um_malefni_fullordinna_einhverfra_sept_2025.pdf

2. Hvert á ég að leita? Geðheilbrigðisþjónusta fyrir einhverfa 18 ára og eldri – niðurstaða ferlagreiningar nóvember 2024 https://www.stjornarradid.is/library/?itemid=c2b8b3d2-ab27-11ef-b88a-005056bcde1f